

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

226. fundur

Föstudaginn 2. október 2015 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Pönglabakka 4 og hófst hann kl. 11:00.

Mætt voru:

Bryndís Haraldsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Einar Birkir Einarsson, Kristín Soffía Jónsdóttir, Theódóra S. Þorsteinsdóttir og Bjarni Torfi Álfþórsson.

Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Áætlun 2016-2020
2. Akstursútboð
3. Innri endurskoðun
4. Erindi til Strætó

Tekið fyrir:

1. Áætlun 2016 - 2020

Umræður um fjárhagsáætlun 2016 – 2020, áframhaldandi umræða verður um fjárhagsáætlun á næsta stjórnarfundi.

2. Akstursútboð

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðunni og áhrifum þess að til stendur að setja vsk á aðkeyptan akstur. Kostnaður Strætó við aðkeyptan akstur mun hækka gangi það eftir.

3. Innri endurskoðun

Stjórnarformaður gerði grein fyrir fundi með endurskoðunarnefnd um fyrirkomulag innri endurskoðunar Strætó. Samþykkt að boða endurskoðunarnefnd á næsta stjórnarfund.

4. Erindi til Strætó

Fyrir lá erindi frá Reykjavíkurborg varðandi svonefndan U-reit í Reykjavík. Umsögn skipulagsdeildar Strætó um erindið var lögð fram.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 13:10.

Fylgiskjöl:

- Umsögn skipulagsdeildar Strætó um U-reit í Reykjavík

Bryndís Haraldsdóttir

Kristín Soffía Jónsdóttir

Theódóra S. Þorsteinsdóttir

Gunnar Valur Gíslason

Bjarni Torfi Álfþórsson

Einar Birkir Einarsson